

From: Árni Pétur Árnason <arnipetura@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 7. mars 2024 11:49
To: Elísabet Berglind Sveinsdóttir - Bæjarfulltrúi <Elisabet.Berglind.Sveinsdottir@kopavogur.is>
Cc: Jónas Skúlason <jonas.skulason@reykjavik.is>; Helga Hauksdóttir - gmail <hauksdottir.helga@gmail.com>; Ísabella Leifsdóttir <ladivarosa@gmail.com>; Elvar Bjarki helgason <Elvarbh@gmail.com>; Margrét Vilborg Tryggvadóttir <margret@myndlist.is>; Soffía Karlsdóttir <soffiakarls@kopavogur.is>
Subject: Re: FUNDARGERÐIN

Sæl,

Fundargerðin er ekki í samræmi við leiðbeiningar frá ráðuneytinu (1181/2021) og hún var ekki lesin upp til yfirlstrar í lok fundar. Af því hlaut t.d. að nafnið mitt var (enn og aftur) skrifað vitlaust, í þetta skiptið undir bókun við fyrsta mál. Sömuleiðis nafn bæjarstjóra efst í skjali. Einnig vantar allar upplýsingar um fylgigögn í fundargerðina. Þar sem ekki er hægt að undirrita með fyrirvara rafrænt get ég ekki undirritað hana fyrr en hún hefur verið lagfærð.

Fundargerðir almennt hjá ráðinu virðast efnislitlar og það er t.d. nánast ógerningur fyrir mig, komandi inn í ráðið, að setja mig inn í mál almennilega þegar ekki er til betra yfirlit í fundargerðum. Sömuleiðis er engin leið fyrir bæjarbúa að átta sig á því sem fram fer á fundum. Fundargerðir ættu að vera til þess að hægt sé að staðfesta hvað fer fram á fundum, ekki bara lokaniðurstöðu mála. Ég vil því biðja um að fundargerðaritun verði rædd á næsta fundi ráðsins með það að markmiði að gera þær gagnlegri fyrir ráðsmenn og aðra sem á þeim þurfa að halda.

Ég vil einnig spyrja hvar fundargerðir ráðsins séu geymdar eftir undirritun og samþykkt í bæjarstjórn.

Ég ítreka síðan beiðni mína um að fá Héraðsskjalavörð á næsta fund ráðsins til þess að fara yfir tillögur Þjóðskjalasafn á flutningi gagna þangað, bréf sem send hafa verið eftirlitsaðilum og hvernig gengur að fá úr því skorið hvort niðurlagning HSSK samræmist lögum. Slíkt ætti ekki að vera mat nefndarmanna í meirihluta. Gestir fundarins í gær voru illa inni í málum bæði varðandi flutning safnsins og lög um skjalasöfn (og önnur söfn, samanber umræðu um frumvarpsdrög í samráðsgátt þar sem bæjarlögmaður misskildi um hvaða lög og hvaða söfn var verið að ræða) og því það er mikilvægt að fá sérfræðing á staðinn. Ég vil fá svar við því hvort orðið verði við þessari beiðni með meiri fyrirvara en tveimur dögum fyrir fund. Sé þess ekki unnt vil ég fá skýringu á því hvers vegna sú ákvörðun er tekin og á hvaða grundvelli.

Ég vil líka að erindisbréf ráðsins verði kynnt á næsta fundi. Held að nefndarmenn hefðu gott af því. Í því er síðan ekki skýrt að nefndarmenn hafi tillögurétt á fundum, heldur aðeins að starfsmaður ráðsins hafi hann. Þetta verður að laga, ásamt öðru. Af þessu hlýst t.d. að [7.gr](#) erindisbréfsins stangast á við [16.gr](#) bæjarmálasamþykktar, um fundargerðir.

Loks vil ég biðja um að fundartími og -lengd verði rædd á næsta fundi. Ég hef ekkert á móti morgunfundum enda stúdent í augnablikinu með mjög fljótandi vinnutíma en skil mjög vel að þetta fyrirkomulag henti ekki öllum, sbr. það að flestallar aðrar nefndir á vegum sveitarfélaga funda utan dagvinnutíma. Þessi fundartími veldur því líka greinilega að pressa er á að klára fundi sem fyrst svo

fólk komist út og til vinnu og af því hlýst að ekki má ræða mál almennilega. Mér skilst að fyrirkomulagið hafi verið annað í upphafi kjörtímabils og vil að við ræðum hvort hverfa eigi aftur til þess sem þá var eða þá hvernig megi tryggja að fundartími nýtist. Það er viðbúið að mál taki tíma í ráðinu þar sem mikið er að ræða, þvert á það sem kom fram í máli bæjarstjóra við umræðu um fjárhagsáætlun, og þá verður að vera möguleiki að fundir dragist á langinn án þess að þrýst sé á annað.

Kveðja,

Árni